



Undirskriftasöfnun
heimilanna

Hagsmunasamtök Heimilanna



UNDIRSKRIFTASÖFNUN

Í nafni almannahagsmuna krefjumst við undirrituð almennra og réttlátra leiðréttinga á stökkbreyttum lánum heimilanna og afnáms verðtryggingar.

Hafi stjórnvöld ekki orðið við þessari kröfu fyrir 1. janúar 2012 jafngildir undirskrift mín kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu um kröfugerðina.

Verðtryggð lán: Verðbótaþáttur frá og með 1. janúar 2008, takmarkist við efri mörk verðbólgaumarkmiðs Seðlabanka Íslands, eða að hámarki 4% á ári.

Gengistryggð lán: Betri réttur neytenda gildi. Sama reikniaðferð og við verðtryggð lán eða niðurstaða dómstóla standi eftir því hvort kemur betur út fyrir lántaka. Tekinn verði af allur vafi um að afturvirkar íþyngjandi innheimtur sem stríða gegn rétti neytenda séu BANNADAR með öllu.

Hvers vegna?

Aðdragandi og markmið undirskriftasöfnunarinnar:

- Hagsmunasamtökin hafa frá stofnun leitað eftir samningum við stjórnvöld í lánamálum heimilanna
- Almenn leiðrétting stökkbreyttra lána og afnám verðtryggingar er eina lausnin á lánamálum heimilanna sem er bæði skynsöm og réttlát út frá almannahagsmunum
- Því hafa stjórnvöld hafnað, bæði almennum lánaleiðréttingum og afnámi verðtryggingar
- Við teljum af þessum sökum brýnt að almenningur fái að segja hug sinn milliliðalaust

Hagsmunasamtök heimilanna voru stofnuð 15. janúar 2009 í þeim tilgangi að berjast fyrir almennri leiðréttingu lána og afnámi verðtryggingar. Þann 12. febrúar 2009 litu tillögur samtakanna um bráðaaðgerðir vegna efnahagskreppunnar dagsins ljós.

Tillögurnar fólu meðal annars í sér ofangreindar kröfur. Samtökin lögðu frá upphafi áherslu á að vinna með stjórnvöldum að lausn mála til hagsbóta fyrir samfélagið í heild sinni, enda gerðu samtökin sér vonir um að stjórnvöld myndu hafa milligöngu um samninga við lánveitendur og kröfuhafa vegna þess tjóns sem lántakendur urðu fyrir.

Þrátt fyrir að samtökin hafi fljótlega eftir stofnun þeirra og allar götur síðan fengið umtalsverða áheyrn stjórnvalda hefur ávallt staðið á almennri leiðréttingu lána og afnámi verðtryggingar þrátt fyrir þann víðtæka samfélagslega stuðning sem fyrir liggur.

Fjöldmörg önnur úrræði hafa aftur á móti verið kynnt til sögunnar af hálfu stjórnvalda. Þau úrræði gagnast fólki misvel og hafa réttilega verið gagnrýnd fyrir það að taka ekki á rót vandans. Hvernig sem á málin er litið hefur sá forsendubrestur sem lántakendur urðu fyrir vegna þeirra aðgerða lánveitenda og stjórnvalda sem leiddu til hruns efnahagskerfisins ekki verið leiðrétur. Sú niðurstaða er bæði óréttlát og óásættanleg.

Vaxandi óánægju meðal almennings hefur gætt vegna framgöngu stjórnvalda og fjármálastofnana í þessum málaflokki. Þann 4. október 2010 sauð upp úr þegar ein fjölmennustu mótmæli Íslandssögunnar áttu sér stað. Mörg þúsund manns komu saman á Austurvelli og tunnur voru barðar. Í kjölfarið sáu stjórnvöld sér þann leik helstan á borði að bjóða fulltrúa Hagsmunasamtaka heimilanna að borðinu til að reikna út, í félagi við fjöldann allan af sérfræðingum úr stjórnkerfinu og fjármálageiranum, hvað hinar ýmsu aðgerðir myndu koma til með að kosta og hvernig þær myndu gagnast fólki.

Þannig keyptu stjórnvöld sér frest fram yfir jól og áramót þar til reiðiöldurnar lægði. Á tímabili var látið líta svo út fyrir að allt kæmi til greina af hálfu stjórnvalda. Meira að segja almenn leiðrétting lána eins og Hagsmunasamtök heimilanna hafa ítrekað mælt fyrir. Að endingu fór hins vegar svo að sjónarmið samtakanna voru blásin út af borðinu og fulltrúi samtakanna sá sig tilneyddan til að skila séráliti sem stjórnvöld hafa neitað að birta.

Þegar á hólminn var komið höfðu lánveitendur samkomulagi við lántakendur um sanngjarna og skynsamlega niðurstöðu. Stjórnvöld létu svo hjá líða að bregðast við forherðingu fjármálastofnana með nauðsynlegu boðvaldi. Á bak við þá afstöðu skýldu stjórnvöld og lánveitendur sér með því að vísa til stjórnarskrárvarinna eignarréttinda kröfuhafa og höfðu þannig eignarrétt húsnæðiseigenda að engu.

Af þessu er ljóst að kröfur samtakanna um leiðréttingu lána og afnám verðtryggingar munu ekki ná fram að ganga með samningum líkt og samtökin vonuðust upphaflega til. Viðurkenning á forsendubresti þarf að eiga sér stað til þess að viðurkenna þörfina fyrir leiðréttingum lána.

HH kalla eftir að þessi viðurkenning komi frá stjórnvöldum og að ekki þurfi að leita til dómstóla með öll mál til að útkljá svo augljósa staðreynd. Sú leið sem á endanum verður valin til leiðréttingar er og verður alltaf pólitísk ákvörðun. Til þess að ganga fram fyrir hönd heimilanna og færa til baka þá eignatilfærslu sem átt hefur sér stað frá heimilunum til fjármagnseigenda þarf pólitískt hugrekki, kjark og þor.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa því, í nafni almannahagsmuna, ákveðið að blása nýju lífi í kröfur sínar með breyttri nálgun. Samtökin telja brýna þörf á því að fólki gefist tækifæri til að segja hug sinn í þessum efnum með undirskrift sem tekur undir kröfuna um almenna leiðréttingu lána heimilanna og afnám verðtryggingar og jafnframt um þjóðaratkvæðagreiðslu, verði stjórnvöld ekki við þessum kröfum.

Samhliða þessari undirskriftasöfnun kynna samtökin fjórar ólíkar leiðir til leiðréttingar, sem þau telja mögulegar og gætu fallist á. Þessar fjórar leiðir eru hugsaðar sem grundvöllur fyrir umræðu og er því ekki um tæmandi lista að ræða. Samtökin minna á að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi og nú er brýn þörf fyrir pólitíska ákvörðun sem skilar sér alla leið til heimilanna í landinu.

Nokkrar leiðir til að leiðrétta stökkbreytt lán og afnema verðtryggingu

- Stjórnvöld eiga greiða aðkomu að bæði almennri leiðréttingu stökkbreyttra lána og afnámi verðtryggingar
- Allt sem þarf er pólitískur vilji til verksins
- Því til áréttingar birta Hagsmunasamtök heimilanna umfjöllun um fjórar mismunandi leiðir að þessu marki

Hagsmunasamtök heimilanna hafa, í þágu almannahagsmuna, ákveðið að efna til undirskriftasöfnunar til stuðnings kröfunni um leiðréttingu stökkbreyttra lána og afnáms verðtryggingar í núverandi mynd.

Samtökin telja mikilvægt að almenningi gefist með þessu móti, tækifæri til að segja milliliðalaust hug sinn í þessu brýna þjóðfélagsmáli.

Undirskrift jafngildir einnig kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu, hafi söfnunin ekki skilað tilætluðum árangri fyrir árslok. Verði það niðurstaðan mun reyna á lýðræðislegan rétt fólks til að knýja á um stjórnvaldsaðgerðir í þágu almannaheill.

Staðreyndin er sú, að stjórnvöld eiga greiða aðkomu að bæði almennri leiðréttingu stökkbreyttra lána og afnámi verðtryggingar. Samhliða þessari undirskriftasöfnun eru því kynntar nokkrar færar leiðir. Þær eru ugglaus fleiri, en ákveðið var að leggja þessar fjórar fram málf lutningi samtakanna til stuðnings.

Samhliða öllum leiðréttingarleiðum, óháð því hvaða leið yrði fyrir valinu, verði öllum lánveitendum gert að bjóða upp á endurfjármögnun húsnæðislána sem miðar við að boðið verði upp á óverðtryggð lán með föstum vöxtum til að minnsta kosti 3ja ára. Stimpilgjöld verði felld niður og innleitt bann við sérstökum uppgreiðslugjöldum. Jafnframt að þak verði sett á bæði fasta og breytilega vexti. Heimilin gætu þá breytt gömlu verðtryggðu húsnæðisláni yfir í nýtt lán án uppgreiðslu- eða stimpilgjalda til að auðvelda breytinguna yfir í nýtt lánakerfi.

Hagsmunasamtök heimilanna minna á að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. Nú ríður á að stjórnvöld taki stöðu með heimilum landsins, undirstöðu samfélagsins og veiti með ábyrgum hætti pólitíska forystu út úr þeim miklu ógöngum sem lánamál þjóðarinnar hafa ratað í.

Skiptigengisleið

Aðferðin felur í sér að fjárskuldbindingar í krónum eru færðar yfir í nýjan eða annan gjaldmiðil á mismunandi gengi í þeim tilgangi að endurreisa heimilin og hagkerfið. Það myndi leiða til aukinnar velferðar í gjörbreyttu efnahagsumhverfi og skapa tækifæri til að leiðrétta þá ósanngjörnu eignaupptöku sem átt hefur sér stað.

Skiptigengisleiðin hefur reynst vel til að byggja upp þjóðfélög að nýju eftir alvarleg áföll. Þrátt fyrir að ekki sé um algerlega sambærilegt ástand að ræða og þar sem þetta hefur verið gert, eins og í Þýskalandi, þá er það mat samtakanna að þessi leið sé jafn einföld og hún er snjöll. Það er því kannski engin tilviljun að þjóðverjar hafi beitt henni í þriggung, nú síðast þegar þýsku ríkin sameinuðust.

Kostir skiptigengisleiðarinnar:

- Almenn skuldleiðrétting treystir rekstrargrunn heimila og fyrirtækja og hraðar endurreisn.
- Samrýmist eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.
- Er áhrifaríkt og skjótvirkt úrræði sem ríkisstjórnin getur auðveldlega beitt.
- Gerir verðtryggingu óþarfa.
- Fjármálakerfið hreinsar út eitradar og verðlausar platkrónur sem sitja eftir úr froðuhagkerfinu.
- Svart fé og því sem skotið hefur verið undan leitar upp á yfirborðið því enginn vill sitja uppi með gamlar úreltar og verðlausar krónur.

Hagsmunasamtök heimilanna taka ekki afstöðu til þess hvaða gjaldmiðill yrði fyrir valinu, það er pólitísk spurning sem stjórnvöld þurfa að svara. Sem dæmi mætti nefna nýja íslenska krónu, evru, Bandaríkjadal, kanadískan dal, norska krónu eða jafnvel nýja samnorræna krónu.

Meira um skiptigengisleið

Til þess m.a. að örlög þjóðarinnar í peningamálum verði frekar í hennar eigin höndum, er nauðsynlegt að skipta um gjaldmiðil og gera það með mismunandi gengi eftir því hvort um er að ræða t.d. laun og lágmarkssparnað eða aflandskrónur byggðar á falsverðmætum.

Aðgerðin ætti ekki að taka nema nokkra daga og myndi flýta endurreisn þjóðar um mörg ár. Jafnhliða upptöku nýs gjaldmiðils verði gjaldeyrishöft afnumin og verðtrygging á neytendalán bönnuð og í framhaldi gerð krafa um ábyrga efnahagsstjórn. Þá yrði að búa þannig um hnútana að auðvelt væri fyrir þá lántakendur sem nú þegar eru með verðtryggð lán að greiða þau upp með nýjum lánum, eða breyta þeim í þá veru sem lagt er til með nýju lánakerfi, án uppgreiðslu eða stimpilgjalda.

Með þessum hætti gæti Ísland á ný og mun fyrr náð aftur stjórn á eigin efnahags- og peningamálum. Aðgerð sem þessi væri einnig jákvæð hvort heldur sem landið verður aðili að ESB, þar sem hún mun styðja við og flýta fyrir því að landið uppfylli Maastricht-skilyrðin fyrir upptöku Evru, eða ef þjóðin ákveður að standa utan sambandsins, með gjaldmiðil sem, öndvert við núverandi krónu, væri gjaldgengur í alþjóðlegum viðskiptum. Samtökin taka ekki afstöðu til þess hvaða gjaldmiðill verður fyrir valinu, ný íslensk króna eða einhver annar.

Hugmyndin er ekki ný af nálinni og á sér fordæmi erlendis frá. Henni var til að mynda þrisvar hrint í framkvæmd í Þýskalandi á 20. öld, nú síðast við sameiningu Þýskalands. Þrátt fyrir að aðstæður hér á landi séu ekki alveg sambærilegar því sem þar var telja samtökin að þessi leið yrði vænleg til endurreisnar hagkerfisins.

Í sinni einföldustu mynd felst hugmyndin í því að eignir og skuldir eru færðar yfir í annan gjaldmiðil á mismunandi gengi. Sem dæmi mætti taka að smærri fjárhæðir, eins og laun og innistæður upp að ákveðnu marki færu yfir á genginu 1 á móti 1. Þannig yrðu 100 þúsund í gamla kerfinu jafngildi 100 þúsund í því nýja. Stærri skuldbindingar á borð við húsnæðislán færu yfir á öðru skiptigengi, til dæmis 1 á móti 0,6 - 0,7 (stuðullinn myndi miðast við uppsafnaða verðbólgu frá 2008 sem er nú um 34% frá 1. janúar 2008). Verðfærslur opinberra skráninga, s.s. fasteignaskrár á fasteignamati og brunabótamati verði skipt á genginu 1 á móti 0,6 - 0,7. 20 milljónir í gamla kerfinu yrði þannig að 14 milljónum í því nýja. Með þessu móti mætti leiðrétta fyrir það verðbólguþvott sem varð vegna hrunsins og já, afnema verðtryggingu með skjótvirkri einskiptisaðgerð. Þess vegna telja Hagsmunasamtök heimilanna skiptigengisleiðina færa.

Einföld skýring á vandamálum hagkerfisins

Eitt af fórnarlömbum íslenskra viðskiptahátta í aðdraganda bankahrunsins er íslenska krónan. Með markaðsmisnotkun banka og lykilaðila íslensks viðskiptalífs á bæði hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði, með dyggri aðstoð peningaprentunaráhrifa almennrar verðtryggingar og peningastefnu Seðlabankans, var peningamagn í umferð margfaldað á árunum 2001 til 2008.

Ekki reyndist innistæða fyrir þessari aukningu og má segja að með þessu móti hafi þessir aðilar stundað peningafölsun og komist upp með það. Verðlausum pappírur var gefið verðgildi m.a. í svokölluðum „endurhverfum viðskiptum“ bankanna við Seðlabankann. Þannig gátu bankarnir og velvildarmenn þeirra, sem voru fyrst og fremst í eigendahópnum, í reynd skipt út platkrónum fyrir alvöru krónur.

Í dag sitja þessar „alvöru“ krónur á bókum seðlabankans og fjármagnseigenda í formi alfandskróna og skuldabréfa.

Fjármagnseigendur bíða nú í röðum og vilja skipta þessum aflandskrónum yfir í gjaldeyri. Seðlabankinn hefur kynnt áætlun um losun gjaldeyrishafta, en helsta hindrunin á þeirri vegferð er hið mikla magn króna í umferð sem gert er ráð fyrir að eigendur vilji skipta yfir í

gjaldeyri.

Seðlabankinn hefur því í áætlunum sínum kynnt tvær hugsanlegar leiðir til þess að losa um þá spennu sem hið mikla krónumagn veldur. Báðar byggja á því að beitt verði mismunandi gengi fyrir krónueignir fjármagnseigenda sem vilja losna úr helsti íslensku krónunnar. Annars vegar að gjaldreyrir verði seldur á uppboði og hins vegar að gjaldreyrisútlæði verði skattlagt þannig að raungengi liggi í reynd við aflandsgengi en ekki álandsgengi (opinbert skráningargengi Seðlabankans). Einungis uppboðsleiðin er komin til framkvæmda með því tilraunauppboði sem Seðlabankinn hefur þegar tilkynnt.

Ljóst er að leiðir Seðlabankans munu taka langan tíma, enda er nú gert ráð fyrir að

gjaldreyrishöft verði viðvarandi a.m.k. til 2015. Aðferðarfræði Seðlabankans setur því þannig fjármagnseigendur í öikumannssætið varðandi tímalengd afnáms hafta. Stærsti gallinn við aðferðarfræði Seðlabankans er hins vegar sá að með henni verður ekki dregið úr peningamagni í umferð. Allt of margar krónur í umferð þýða að varanlega hefur dregið úr verðgildi gjaldmiðilsins og undirliggjandi verðbólguþrýstingur skapar hættu á annarri aðför að högum heimilanna þegar þessar krónur án undirliggjandi verðmætasköpunar komast í umferð eins og áætlun Seðlabankans gerir ráð fyrir. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir landsmanna verði helstu kaupendur á þessum krónum.

Eignarnámsleið

Með svokölluðum neyðarlögum nr. 125/2008 var Íbúðalánasjóði veitt heimild til að kaupa húsnæðislán bankanna og ráðherra ætlað að útfæra það nánar með reglugerð. Með minniháttar breytingum á núgildandi reglugerð væri hægt að kveða á um að Íbúðalánasjóður skuli taka húsnæðislán landsmanna eignarnámi, “enda séu kaupin til þess fallin að tryggja öryggi lána á íbúðalánamarkaði og hagsmuni lántakenda” eins og segir í 1. gr. reglugerðarinnar nr. 1081/2008 sem sett var af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur.

Samkvæmt lögum og reglum sem lúta að eignarrétti er slíkt eignarnám heimilt teljist það í þágu almannahagsmuna, en þá þurfi að koma sanngjarnt verð fyrir. Þessi aðferð á það sameiginlegt með svokallaðri gerðardómsleið samkvæmt tillögu Talsmanns Neytenda að hingað til hefur þótt erfitt að leggja mat á hvað teljist sanngjarnt verð og þar af leiðandi kostnað við aðgerðina og önnur hagræn áhrif. Það sem af er þessu ári hafa hins vegar bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaráðuneytið birt gögn þar sem kemur fram að útlán bankakerfisins til heimila voru metin á rúmlega hálfvirði þegar þau voru færð yfir í nýju bankana. Þar með er kominn mælikvarði á sanngjarnt endurgjald fyrir eignarnámið.

Eftir að öll húsnæðislán landsmanna væru komin undir hatt Íbúðalánasjóðs myndi svigrúm til niðurfærslu aukast enn vegna lægri kröfu um eiginfjárhlutfall, og um leið yrði mun einfaldara að láta jafnt yfir alla ganga. Það afskriftasvigrúm sem er til staðar í lánasöfnunum mætti nýta og láta það ganga að fullu áfram til lántakenda og dreifast til þeirra með sanngjörnum hætti. Mat á kostnaði við þessa aðgerð bendir til þess að hún gæti verið ríkinu nánast að kostnaðarlausu. Dugi það svigrúm sem við þetta skapast til almennra leiðréttinga ekki fyrir þá sem verst eru staddir mætti hugsa sér að samtvinna það blönduðum úrræðum, til dæmis eins og lýst er í skattaleiðinni.

Vísitöluleiðrétting

Vísitalan verði færð niður í 282 stig eins og hún var í janúar 2008. Allar innistæður í bönkum, skuldabréf og lánasamningar verða umreiknaðir miðað við þessa vísitölu og hafi fast gildi til 2012. Á tímabilinu 2008-2012 gæti komið ákveðið álag eins og samtökin hafa lagt til, 2,5-4% sem miðast við verðbólgu markmið og efri vikmörk Seðlabankans. Þannig væru heimilin í skjóli fyrir verðbólgunni og á sama tíma væru sett lög í þeim tilgangi að búa til farveg fyrir nýtt lánakerfi. Tekið skal fram að Hagsmunasamtök heimilanna telja vísitölutengingu lána án takmarkana vera brot á Evróputilskipun og neytendalögum er varða gegnsæja samningagerð, þar sem lántaki á að geta áttað sig á og reiknað út skuldbindingu sína út allan lánstímann. Vísitölutengd lán í núverandi mynd ber því að afnema.

Samhliða vísitöluleiðréttingu verði öllum lánveitendum gert að bjóða upp á endurfjármögnun húsnæðislána sem miða við að boðið verði upp á óverðtryggð lán með föstum vöxtum til að minnsta kosti 3ja ára. Stimpilgjöld verði felld niður og innleitt bann við sérstökum uppgreiðslugjöldum. Jafnframt yrði sett þak á bæði fasta og breytilega vexti. Heimilin gætu þá breytt gamla verðtryggða húsnæðisláni sínu yfir í nýtt lán án uppgreiðslu- eða stimpilgjalda til að auðvelda breytinguna yfir í nýtt lánakerfi.

Getur verið afar skjótvirk, skilvirk og ódýr leið þar sem reiknikerfi fjármálafyrirtækja eru til staðar og ekki þarf að innleiða neina nýja mælikvarða eða verkfæri.

Hagsmunasamtök heimilanna líta svo á að hvatann til að draga úr verðbólgu verði að koma úr umhverfi fjármálakerfisins og með því að bjóða ekki verðtryggð lán og jafnframt sett þak á vexti væri sá hvati kominn til að vera.

Leiðréttingarskattur í eitt skipti

Blönduð skattaleið til leiðréttingar gengur út á að deila leiðréttingunni á milli lífeyrissjóðanna, stærstu bankanna og innstæðueigenda og kæmi til þess skattur í eitt skipti. Þannig væri lagður auðlegðarskattur á innistæður yfir ákveðinni upphæð og leiðréttingaskattur á banka og lífeyrissjóði. Það skal tekið fram að með þessu væru “breiðu bökin” ekki að bera neinar byrðar fram yfir eignatilfærsluna til þeirra frá heimilunum í formi verðbóta í gegnum kreppuna, heldur væri þarna einungis um að ræða að því oftekna fé væri skilað til baka með þessum hætti í nafni almannahagsmuna og til endurreisnar heimilanna í landinu og þar með efnahagskerfisins.

Frá efnahagshruninu hafa nú færst gífurlegir fjármunir í rafrænu peningakerfi frá heimilunum í formi verðbóta á lán yfir til fjármagnseigenda sem eru lífeyrissjóðirnir og innstæðueigendur. Þeir sem áttu fé á bankareikningum og hlutabréf í peningamarkaðs-sjóðum fengu sitt bætt langt umfram skyldu og lagaheimildir. Þannig tryggðu neyðarlögin innistæður með vöxtum og verðbótum, sem er mun meira heldur en gert var í tilfelli Kaupthing Edge í Þýskalandi, þar sem einungis höfuðstóll var tryggður svo dæmi sé tekið.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að hér sé um að ræða oftöku verðbóta þar sem verðbólgan hefur farið langt yfir efri vikmörk Seðlabanka Íslands (4%), en uppsöfnuð verðbólga, ef miðað er við vísitölu NV án húsnæðis frá árinu 2008 er nú um 34%.

Samkvæmt gögnum frá ríkisskattstjóra áttu 5% þjóðarinnar meira en helming af öllum bankainnstæðum um áramótin 2009/2010. 2,5%, eða 4.627 manns, áttu 44% af öllum innstæðum og þar af áttu 9 einstaklingar meira en þúsund milljónir. Á sama tíma áttu 95% þjóðarinnar 15 milljónir eða minna inni á bankabók. Þessar tölur eiga við einstaklinga, ekki lögaðila (fyrirtæki).

Lífeyrissjóðirnir eiga um 600 milljarða í húsnæðislánum og hafa tekið til sín um 140 milljarða í verðbætur á þessum tíma. Yfirlýsingar stjórnenda þeirra gefa til kynna að þeir líti ekki á ótakmarkaðar verðbætur sem okurvaxtatöku frá heimilinum og að þeir sjái sér ekki fært að skila hluta af verðbótunum til baka í nafni almannahagsmuna til hagsbóta fyrir heimilin í landinu. HH vilja minna stjórnendur lífeyrissjóðanna á að heimilin í landinu eru sjóðsfélagar og eiga þessa sjóði. Það þarf ekki að bitna á núverandi útgreiðslum þótt gerð verði leiðrétting á þessari oftöku verðbóta, en það getur þurft að endurskoða hvað lagt er til grundvallar og hvernig lífeyrissjóðirnir eru uppbyggðir og útgreiðslum háttað í framtíðinni. Þannig væri t.d. hægt að miða við 10 ára ávöxtun sjóðsins til viðmiðunar útgreiðslna í stað 3ja ára. Eins þyrfti að skoða endurskipulagningu sjóðanna út frá því að það sé um bæði gegnumstreymissjóði og söfnunarsjóði, en ekki eingöngu annað hvort. HH ætla sér ekki a leysa algerlega lífeyrissjóðskerfið, heldur benda einungis á að það gæti þurft að endurskoða.

Bankarnir hafa einnig lánað verðtryggð lán á síðast liðnum árum. Húsnæðislánasafn bankanna er nú samkvæmt upplýsingum frá Sí 30.4.2011 um 276 milljarðar (upphæðina má sjá í töflum neðst á síðunni í útlánum), en var áður um 600 milljarðar og ekki er vanþörf á að minnast þess enn einu sinni að lánasöfnin voru færð yfir frá gömlu bönkunum með um helmings afslætti sem samtökin telja að eigi að ganga áfram til lántakenda. Bankarnir hafa ekki skrifað niður þessi lánasöfn í bókum sínum þótt Sí hafi gert það, að því er virðist, og mætti því reikna með að taka leiðréttingaskatt af þessum lánasöfnum sem yrði notaður í leiðréttingar.

Samsetning upphæðarinnar og hvað mikinn skatt eða tilfærslu myndi vera um að ræða frá hverjum er alltaf pólitísk ákvörðun eins og með allar þær leiðir sem yrðu fyrir valinu.